



SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

S/234

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/163
komudagur 19.11.2003

Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík
Sími/Tel.: +354-568 1612
Bréfsími/Fax: +354-568 9664

Alþingi,
Umhverfisnefnd,
nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

17. nóvember 2003

Efni: **Frumvarp til laga um verndun hafs og stranda, 162. mál.**

Með bréfi umhverfisnefndar Alþingis, dags. 31. október sl., var Sambandi íslenskra tryggingafélaga (SÍT) sent ofangreint frumvarp til umsagnar.


Eins og fram kemur í almennum athugasemdum með frumvarpinu hefur undirbúningur máls þessa staðið lengi. Hefur SÍT á fyrri stigum þess svarað ýmsum fyrirspurnum þeirra, sem unnið hafa að samningu frumvarpsins, einkum varðandi váttryggingar- og skaðabótareglur frumvarpsins, og samið umsagnir í því efni, m.a. er frumvarp um sama efni var lagt fram í fyrra. Sýnist sem tekið hafi verið tillit til ýmissa ábendinga SÍT í þessu starfi, m.a. í þeirri gerð frumvarpsins, sem nú er til umfjöllunar. Á hinn bóginn hefur verið tekið upp nýtt orðalag í nokkrum ákvæðum, m.a. sem snúa að váttryggingum og skaðabótum, frá fyrri gerð frumvarpsins, sem sýnast ekki til bóta. Hér á eftir skal vikið að nokkrum ákvæðum frumvarpsins, er varða einkum váttryggingar- og skaðabótareglur, sem nauðsynlegt er að huga að:

1. Skilgreiningum í 3. gr. hefur verið breytt og þeim fjölgað frá fyrri gerð frumvarpsins. Sýnist flest af því til bóta. Í 30. tölulið er notað orðið **varp** um það, er efnum eða hlutum er vísitandi fleygt í hafið, sjá og 9. gr. frumvarpsins. Bent hefur verið á, að hér færi stórum betur að nota orðið **vörpun**, enda orðið varp nú þegar „frátekið“ í umhverfisvænni starfsemi, sbr. orðið æðarvarp. Er þetta ítrekað hér.
2. Í 6. gr. eru talin upp atriði, sem umhverfisráðherra skuli setja reglugerðir um. Í w.-lið eru nefndar „ábyrgðir og tryggingar vegna atvinnustarfsemi, sem ber hlutlæga ábyrgð á bráðamengun í samræmi við ákvæði gildandi laga“. Þessu ákvæði hefur verið breytt frá fyrri gerð frumvarpsins, og er sú breyting ekki til bóta eða skýringarauka. Lagt er til að þessi liður hljóði svo, og verði þannig nánast eins og hann var í fyrri gerð frumvarpsins: „ábyrgðartryggingu vegna atvinnustarfsemi sem ber hlutlæga ábyrgð á bráðamengunartjóni“. Skýrist þetta nánar hér á eftir.

3. Fyrirsögn 16. greinar hefur nú verið breytt í samræmi við fyrri ábendingar, og hljóðar nú „váttryggingar og ábyrgð á bráðamengunartjónum“ enda snérist ákvæðið um váttryggingar. Þannig segir í greininni, að nánari ákvæði um váttrygginguna og gildissvið skuli sett í reglugerð. Í greininni er svo mælt fyrir um skyldu til þess að taka ábyrgðartryggingu (váttryggingu) vegna bráðamengunartjóna, og rætt er um váttryggingarfjárhæðir. Er það í samræmi við fyrri gerð frumvarpsins. Á hinn bóginn kemur nú fram sú viðbót, að unnt sé einnig að „leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu“. Hvergi er skýring, hvað hér sé átt við með þessari breytingu, og er athugasemdir um ákvæðið óbreyttar frá fyrri gerð frumvarpsins. Ekki verður séð, að aðrar váttryggingar eigi við hér en ábyrgðartryggingar, og sé með „öðrum tryggingum“ átt við ábyrgðir t.d. banka og sparisjóða, sem sýnist þó tæplega eiga við í tilvikum sem þessum, verður að breyta orðalagi greinarinnar og fyrirsögn. Því er lagt til, að orðalag ákvæðisins frá fyrri gerð frumvarpsins standi óbreytt, og að eftirfarandi falli út: „eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu að mati Umhverfisstofnunar“. Ákvæðið í núverandi mynd dregur úr skýrleika og er beinlínis til þess fallið að valda miskskilningi.
4. Breyting hefur orðið á orðalagi 17. gr. frumvarpsins, en athugasemdirnar eru þó óbreyttar frá fyrri gerð. Sýnist nánast sem upphaf ákvæðisins hafi fallið niður fyrir mistök, og er ákvæði frumvarpsins í núverandi mynd óskýrara en áður. Lagt er eindregið til, að í upphafi ákvæðisins verði tekið upp eftirfarandi: „Auk ákvæða 16. gr. gilda um ábyrgð og váttryggingar olíuflutningaskipa“ o.s.frv. Þá er lagt til að yfirskrift greinarinnar verði breytt úr „váttryggingar olíuflutningaskipa“ í „Ábyrgð og váttryggingar olíuflutningaskipa“, í samræmi við raunverulegt efni greinarinnar.
5. Fyrirsögn og umfjöllunarefni frumvarpsins var „Siglingaleiðir og strönduð skip“, en er nú „Siglingaleiðir og strönduð og sokkin skip, pallar eða önnur mannvirki“. Að svo stöddu skal ekki fjölyrt um efni þessarar greinar, heldur einungis áréttað, að ríkar kvaðir ákvæðisins að því er lýtur að útvegsmönnum/eigendum skipa fer eftir reglum siglingalaga 34/1985 um ábyrgð útgerðarmanna og takmörkun ábyrgðar.
6. Ítrekað skal, að nauðsynlegt er, að þeir, sem lögin taki til, fái sanngjarnan aðlögunartíma að þeim. Í frumvarpinu er miðað við, að þau ákvæði, sem einkum snúa að váttryggingum og bótareglum, þ.e. 16., 17. og 18. gr., komi til framkvæmda 1. júlí 2005. Spurning er, hvort ekki væri eðlilegt að rýmka þennan tíma nokkuð og miða jafnvel við 1. janúar 2006.

Samband Íslenskra tryggingafélaga er reiðubúið að skýra sjónarmið sín til frumvarps þessa frekar, verði talin þörf á því.

Með vinsemd og virðingu,
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA



Sigmar Ármannsson